

LÖGFRÆÐIMIÐSTÖÐIN

Úrskurðarnefnd umhverfis og auðlindamála
Skuggasundi 3
101 Reykjavík

KÆRA

Vegna samþykktar bæjarstjórnar Hafnarfjarðarbæjar á deiliskipulagsbreytingu fyrir Gjótur reitir 1.1. og 1.4.

Kæra, kröfugerð og aðild:

Hin kærða ákvörðun var tekin á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þann 2.10.2019, en þar var samþykkt afgreiðsla skipulags- og byggingarráðs um deiliskipulagsbreytingu fyrir Gjótur reitir 1.1. og 1.4.

Þess er krafist að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi.

Kærandi er eigandi Lögfræðimiðstöðvarinnar, Reykjavíkurvegi 62, Hafnarfirði, sem er eigandi hluta fasteignar sem deiliskipulagsbreytingin tekur til.

Málsástæður og lagarök:


Málsástæður kæranda koma fram í meðfylgjandi athugasemdum við tillögu að deiliskipulagi, dags. 22. september 2019, sem send voru umhverfis -og skipulagssviði Hafnarfjarðarbæjar.

Kæruheimild er að finna í 52. gr. laga nr. 123/2010.

Áskilnaður:

Kærandi áskilur sér rétt til að koma að frekari gögnum og málsástæðum á síðari stigum málsins.

Hafnarfirði 1. nóvember 2019



Þórdís Bjarnadóttir hrl.